

Ár 2015, föstudaginn 18. september, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 3/2015.

**Skautafélagið Björninn, Íshökkídeild.
(Björninn)**

gegn

**Stjórn Íshökkísambands Íslands.
(ÍHÍ)**

Gögn málsins nr. 1-15 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I.

Dómkröfur.

Málið var höfðað með kæru móttækinni af skrifstofu ÍSí þann 20 febrúar sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Með tilkynningu dags. þann 3. mars sl var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð. Greinargerð kærða barst dómstólnum þann 9. mars sl. Við fyrirtöku þann 25. mars sl., voru settir reyndar en án árangurs. Kæranda var gefinn kostur á að koma að andmælum við greinargerð kærða. Andmæli kæranda bárust þann 6. apríl sl. Ákveðið var að málið yrði flutt skriflega.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að afturkölluð verði ákvörðun stjórnar ÍHÍ frá 13. febrúar sl. um að íshökkídómarinn Snorri Gunnar Sigurðsson verði ekki settur sem aðaldómari á leikjum í meistaraflokki karla það sem eftir lifir tímabils.

Kröfur kærða:

Aðallega: Að máli þessu verði vísað frá dómi.

Til vara: Að kröfu kæranda um afturköllun ákvarðana kærða verði hafnað.

I.

Málsatvik og málatilbúnaður kæranda.

Málsatvik eru á þá leið að kærði samþykkti á fundi sínum þann 13. febrúar sl., að senda Snorra Gunnari Sigurðssyni dómara á vegum Íshokkísambands Íslands svohljóðandi bréf:

“Stjórn ÍHÍ barst þann 4. febrúar bréf frá Skautafélagi Reykjavíkur þar sem kvartað var yfir störfum þínum sem aðaldómara á leikjum félagsins. Í bréfinu voru nefnd rökstudd dæmi sem einnig voru studd með upptökum frá þeim leikjum. Stjórn ÍHÍ fór ítarlega yfir málið og telur að ekki sé hægt að vísa frá öllum þeim rökum sem sett voru fram í bréfi SR. Stjórnin hefur því í framhaldi af þessu samþykkti að þú verðir ekki settur sem aðaldómari á leiki í meistaraflakki karla það sem eftir lifir tímabils. Þetta tilkynnist þér hér með.”

Snorri er félagi í Birninum. Með ofangreindu bréfi kærða var Snorri settur af sem dómari í þeim leikjum, sem eftir lifðu keppnistímabilsins. Kærandi telur kærða hafa farið út fyrir valdsvið sitt og vísar til þess að hvorki aganefnd né dómaranefnd sambandsins, en kærði vísaði ofangreindri kvörtun Skautafélags Reykjavíkur til dómaranefndar til umsagnar áður en hin kærða ákvörðun var ákveðin, taldi ástæðu til að aðhafast nokkur í máli Snorra.

Kærandi telur að í bréfi Skautafélags Reykjavíkur til kærða sé verið að ásaka Snorra Gunnar Sigurðsson dómara um óþrúðmannlega og ámælisverða framkomu og þeirri kvörtun hafi átt að beina til aganefndar sambandsins. Kærandi leggur áherslu á að ekki sé um agabrot að ræða í þessu tilviki.

Kærandi telur að kærði hafi gert rétt með því að afla umsagnar dómaranefndar um kvörtun Skautafélags Reykjavíkur, það sé hinn rétti aðili til að meta störf og framgöngu dómara hverju sinni. Dómaranefndin getin metið “rankaðan” dómara eftir frammistöðu og hafi nefndin ekki talið ástæðu til að lækka mat “rank” Snorra, sem dómara allt keppnistímabilið.

Kærandi vísar til eftirfarandi ályktunar dómaranefndar og telur ályktunina sýna að Snorri hafi ekki gert neitt rangt. Ályktunin er svohljóðandi: *„Dómaranefnd telur það ekki eiga við rök að styðjast að umræddur dómari hafi vísvitandi gert SR óleik eða dæmt gegn sinni betri vitund. Meðlimir nefndarinnar voru því sammála að umræddur dómari hafi gert mistök, en hann er blessunarlega ekki einn um það. Leikmenn, dómarar og þjálfarar gera allir mistök og er það mat nefndarinnar að það snúi ekki að einstaka leikmönnum eða liðum. Meðlimir nefndarinnar voru ósammála því að það sem SR bendir á að umræddur dómari hafi eitthvað*

á móti Arnþóri. Arnþór er einfaldlega þannig leikmaður að hann er oftast en aðrir í þessum aðstæðum og fær þar af leiðandi dóm fyrir.“

Að lokum leggur kærandi áherslu á að meðferð kærða í máli dómars Snorra Gunnars Sigurðssonar sé ómálefnaleg og með vísan til þess, sem að framan greinir skuli kærði dæmdur til að afturkalla hina kærðu ákvörðun.

III.

Málatilbúnaður kærða.

Kærði krest þess *aðallega* að máli þessu verði vísað frá og *til vara* að kröfu kæranda um afturköllun ákvarðana kærða verði hafnað.

Í rökstuðningi fyrir frávísunarkröfunni vísar kærði til þess að kærandi eigi enga aðild að máli þessu. Dómarar sem dæma á vegum ÍHI séu dómarar Íshökkísambandsins en ekki dómarar einstakra félagsliða. Samkvæmt reglugerð sambandsins tilnefni hvert félag dómara til starfa og geta þeirra og þekking sé sannreynd af yfirdómara sambandsins.

Í rökstuðningi sínum fyrir höfnum kröfu kæranda kemur m.a. fram: Það er skýrt í lögum ÍHÍ að stjórn þess fer með æðsta vald innan hreyfingarinnar á milli Íshökkíþinga og formannafunda. Hluta af þessu valdi sínu útvistar stjórnin til nefnda og embætta eins og það vald að setja dómara á leiki samkvæmt reglugerð þar um. Því valdi er útvistað til framkvæmdastjóra sambandsins í nafni stjórnarinnar enda heyrir framkvæmdastjórinn beint undir stjórnina. Það er því framkvæmdastjóri í umboði stjórnar sem setur dómara á og tekur þá af leikjum.

Varðandi þau rök að 2. gr. í reglugerð um aganefnd eigi hér við telur stjórnin að þau eigi ekki við. Aganefndinni ber að fjalla um agabrot, óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu þeirra sem að íþróttinni koma. Hér er ekki um agabrot að ræða heldur hefur viðkomandi dómari misst það traust sem stjórn ÍHÍ og framkvæmdastjóri hefur til hans.

Kærði bendir á að stjórnin hafi haft til hliðsjónar umsögn dómarsnefndar þar sem nefndin ályktar að viðkomandi aðili hafi gert mistök. Eftir að hafa skoðað atvikin sjálfstætt og einnig farið yfir álit dómarsnefndar var það samhljóða álit stjórnar ÍHÍ að umræddur dómari nyti ekki trausts til þess að dæma þá mikilvægu leiki sem framundan voru. Þá segir kærði ekkert ákvæði vera í lögum eða reglum ÍHÍ sem bindur stjórn ÍHÍ að fara eftir álit dómarsnefndar. Með því að vísa málinu til dómarsnefndar var verið að leita faglegs álits til þess að undirbyggja ákvörðun stjórnar.

IV.

Forsendur og niðurstöður.

~~Dóminum þykir rétt að taka fram að niðurstaða þessa dómsmálshefur ekki áhrif á keppnistímabilinu 2014/2015.~~

Mál þetta er kært til Íþróttadómstóls ÍSÍ vegna meints brots aðalstjórnar ÍHÍ með ákvörðun stjórnarinnar frá 13. febrúar sl. um að íshökkíðómarinn Snorri Gunnar Sigurðsson verði ekki settur sem aðaldómari á leikjum í meistaraflokki karla það sem eftir lifir tímabils.

Dóminum þykir rétt að taka fram að niðurstaða þessa dómsmáls hefur ekki áhrif á keppnistímabilinu 2014/2015.

Rétt er fyrst er að taka afstöðu til frávísunarkröfu kærða en frávísunarkrafan byggir á því að kærandi, Björninn sé ekki réttur aðila málsins.

Í Reglugerð um dómgæslu á mótum á vegum ÍHÍ segir m.a. í gr. 6.1: *“Sérhvert félag sem tilkynnir þátttöku í mótum á vegum ÍHÍ skal tilnefna eftirfarandi fjölda dómara.”* Þá segir einnig í reglugerðinni: *“Uppfylli félag ekki skráningu samanber 6.1 er stjórn ÍHÍ heimilt að beita viðkomandi félag viðurlögum.”*

Samkvæmt ofangreindum reglugerðarákvæðum ÍHÍ er það í höndum aðildarfélaga sambandsins að tilnefna dómara til að dæma í mótum á vegum þess. Það er álit dómsins að það sé þá jafnframt í höndum kæranda í þessu máli að taka til varna þegar gerðar eru athugasemdir við störf þeirra dómara, sem félagið hefur tilnefnt þ.m.t. að setja fram kæru í þessu dómsmálinu. Niðurstaða dómsins er því að kærandi, Björninn sé réttur aðili málsins og er því frávísunarkröfu kærða hafnað.

Þá liggur fyrir að taka efnislega afstöðu til kærunnar.

Tilfni kærunnar er ákvörðun stjórnar ÍHÍ um að dómari Snorri Gunnar Sigurðsson verði ekki settur sem aðaldómari á leiki í meistaraflokki karla það sem eftir lifir tímabils. Hin kærða ákvörðun er tekin í framhaldi af kvörtun Skautafélags Reykjavíkur vegna dómgæslu Snorra í tilteknum keppnisleik.

Í gr. 9.2 reglugerð ÍHÍ fyrir dómara nefnd segir: *“Dómara nefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi umsjón og eftirlit með*

dómgæslu á mótum á vegum ÍHÍ. Dómaranefnd ákveður hverjir hafa heimild til að gegna stöðu aðaldómara og línudómara og hvaða aldursflokka þeir hafa heimild til að dæma. Hæfnikröfur dómara miðist við viðmið IIHF.”

Í framhaldi af kvörtun Skautafélags Reykjavíkur leitaði kærði umsagnar dómaranefndar ÍHÍ. Það er mat dómsins að dómaranefnd ÍHÍ sé sá aðili innan sambandsins sem metur störf dómara og gerir viðkomandi ráðstafanir ef tilefni er til.

Í ályktun dómaranefndarinnar, sem að framan er vitnað til, er ekki að finna gagnrýni á störf umrædds dómara.

Af öllu framangreindu verður ráðið að þar sem ÍHÍ hefur falið dómaranefnd sambandsins umsjón og eftirlit dómaramála sbr. reglugerð þar um hafi kærði þ.e. stjórn ÍHÍ farið út fyrir valdheimildir sínar og beri því að afturkalla hina kærðu ákvörðun.

V.

Dómsorð.

Stjórn ÍHÍ skal afturkalla ákvörðun sína frá 13. febrúar sl. um að íshökkíðómarinn Snorri Gunnar Sigurðsson verði ekki settur sem aðaldómari á leikjum í meistaraflokki karla það sem eftir lifir tímabils.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið .

Sigurður I. Halldórsson.